

---

# REGLUGERÐ KLÍ UM ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA

---

## 1. grein

Íslandsmót einstaklinga skal haldið árlega.

## 2. grein

Keppt skal með og án forgjafar. Forgjöf er 80% af mismun meðaltals 200, þó forgjöfin sé neikvæð. Til að hafa þátttökurétt í Íslandsmóti einstaklinga með forgjöf þarf viðkomandi að hafa meðaltal viðurkennt af KLÍ úr a.m.k. 18 leikjum, annars er forgjöfin engin.

## 3. grein

Ekki skal leika fleiri en 1 leiki í senn á sama brautarpari í forkeppni og milliriðli. Leikmenn á brautum veð odda tölu skulu færast niður og leikmenn á brautum með sléttum tölum skulu færast upp. Leitast skal við að færslur séu þannig að leikmenn spili á sem flestum settum. Karlar og konur skulu ekki spila á sömu brautum heldur eru færslur innbyrðis á settum.

## 4. grein

Ef skera þarf úr um jafntefli í sætaröðun þá skal síðasti leikur látinn gilda þ.e. sá/sú sem er með hærri leik hlýtur efra sætið. Ef hann er jafn hár þá er farið í næsta leik þar á undan og síðan koll af kolli.

## 5. grein

Ef keppandi forfallast þegar komið er í milliriðla eða undanúrslit, fer sá keppandi sjálfkrafa í neðsta sæti í þeim riðli sem hann mætti ekki til. Ekki skal færa keppendur upp um sæti þó einhver forfallist, þ.e.a.s. að setja inn keppanda sem ekki hefur áunnið sér sæti í viðkomandi riðli.

## 6. grein

### Einstaklingskeppni án forgjafar

#### Forkeppni

Allir keppendur leika 12 leiki, 6 leiki í senn. Skorið úr forkeppninni fylgir í milliriðil.

#### Milliriðill karla

16 efstu keppendurnir spila 6 leiki, 8 efstu komast í undanúrslit og fylgir skorið úr forkeppninni og milliriðlinum.

#### Milliriðill kvenna

12 efstu keppendurnir spila 6 leiki, 8 efstu komast í undanúrslit og fylgir skorið úr forkeppninni og milliriðlinum.

#### Undanúrslit

Allir keppa við alla, einfalda umferð.

Á stigin fyrir leikina bætast bónusstig þannig:

Fyrir sigur í leik fást 20 bónusstig

fyrir jafntefli í leik fást 10 bónusstig

Að loknum þessum leikjum fara 2 efstu keppendurnir í úrslit.

#### Úrslit

Spiluð eru úrslit milli tveggja efstu manna/kvenna, sá/sú sem er efst að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3 stig). Jafnteflis

viðureignir telja sem skipt viðureign (hálf stig á hvorn), ef enn er jafn eftir 5 leiki þá ræður pinnafall. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga.

## **7. grein** **Einstaklingskeppni með forgjöf**

### Forkeppni

Allir keppendur leika 8 leiki, 4 leiki í senn. Skorið úr forkeppninni fylgir í milliriðil.

### Milliriðill karla

12 efstu keppendurnir spila 4 leiki, 6 efstu keppendurnir komast í undanúrslit og fylgir skorið úr forkeppninni og milliriðlinum.

### Milliriðill kvenna

12 efstu keppendurnir spila 4 leiki, 6 efstu keppendurnir komast í undanúrslit og fylgir skorið úr forkeppninni og milliriðlinum.

### Undanúrslit

Allir keppa við alla, einfalda umferð.

Á stigin fyrir leikina bætast bónusstig þannig:

Fyrir sigur í leik fást 20 bónusstig

fyrir jafntefli í leik fást 10 bónusstig

Að loknum þessum leikjum fara 2 efstu keppendurnir í úrslit.

### Úrslit

Spiluð eru úrslit milli tveggja efstu manna/kvenna, sá/sú sem er efst að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3 stig). Jafnteflis viðureignir telja sem skipt viðureign (hálf stig á hvorn), ef enn er jafnt eftir 5 leiki þá ræður pinnafall. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf.

*Breytt á formannafundi 19. apríl 2011*